

REGLUGERÐ

um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í bæklunarlækningum.

1. gr.

Í reglugerð þessari er kveðið á um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í bæklunarlækningum sem eru án samninga við heilbrigðisráðherra.

Með sjúkratryggðum einstaklingi er átt við einstakling sem er sjúkratryggður skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1265/2007 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðir sjúkratryggðum fyrir þjónustu bæklunarlæknis mismun á heildargreiðslu skv. gjaldskrá sem fylgir reglugerð þessari og hluta sjúkratryggðs skv. 4. og 5. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins á reikningi (kvittun) sem sjúkratryggður einstaklingur framvísar hjá stofnuninni vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðings í bæklunarlækningum sem er án samnings við heilbrigðisráðherra er að reikningurinn (kvittunin) sé á stöðluðu formi, fyrirfram tölusetur og á honum komi fram nafn og kennitala læknis, sérgrein læknis og læknanúmer. Jafnframt skal koma fram hvar þjónustan var veitt, nafn og kennitala sjúklings, hvaða dag læknisverk fór fram, hvaða læknisverk var unnið, gjaldskrárlíður og einingafjöldi samkvæmt gjaldskrá sem fylgir reglugerð þessari og fjárhæð reiknings. Læknirinn og sjúklingur skulu staðfesta reikning með undirskrift sinni.

Sá kostnaðarhluti sem sjúkratryggður einstaklingur greiðir skv. 4. gr. veitir rétt til afsláttarskírteinis Tryggingastofnunar ríkisins. Ef sjúkratryggður einstaklingur hefur þegar fengið afsláttarskírteini endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins mismuninn á heildargreiðslu skv. gjaldskrá sem fylgir reglugerð þessari og hluta sjúklings skv. 5. gr.

4. gr.

Endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins til sjúkratryggðs reiknast þannig að frá heildargreiðslu samkvæmt gjaldskrá sem fylgir reglugerð þessari fyrir þjónustu bæklunarlæknis sem er án samnings við heilbrigðisráðherra, dregst hluti sjúkratryggðs sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu kr. 3.100 og til viðbótar 40% af heildarverði við komuna sem umfram er (skv. meðfylgjandi gjaldskrá), þó að hámarki kr. 21.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, kr. 1.100 og til viðbótar 1/3 af 40% af heildarverði við komuna sem umfram er (skv. meðfylgjandi gjaldskrá), þó að hámarki kr. 21.000.
3. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. l. mgr., þó að lágmarki kr. 550 og að hámarki kr. 21.000, sbr. þó meðfylgjandi gjaldskrá
4. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, enginn frádráttur, sbr. þó meðfylgjandi gjaldskrá.

Sömu reglur gilda um endurgreiðslu vegna þjónustu svæfingalæknis þegar hann svæfir við aðgerð bæklunarlæknis, sbr. athugasemdir nr. 3 og 4 í fylgiskjali I. Hámarksgreiðsla sjúkratryggðs er þó samanlagt kr. 21.000 fyrir þjónustu beggja í sömu komu, sbr. þó meðfylgjandi gjaldskrá.

5. gr.

Endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins til sjúkratryggðra sem eru með afsláttarskírteini reiknast þannig að frá heildargreiðslu samkvæmt gjaldskrá sem fylgir reglugerð þessari fyrir þjónustu bæklunarlæknis sem er án samnings við heilbrigðisráðherra, dregst hluti sjúkratryggðra sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir, kr. 1.100 og til viðbótar 1/3 af 40% af heildarverði við komuna sem umfram er (skv. meðfylgjandi gjaldskrá), þó að hámarki kr. 21.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 2. gr., þó að lágmarki kr. 550 og að hámarki kr. 21.000, sbr. þó meðfylgjandi gjaldskrá.
3. Börn yngri en 18 ára, 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 2. gr., þó að lágmarki kr. 450 og að hámarki kr. 21.000, sbr. þó meðfylgjandi gjaldskrá.

Sömu reglur gilda um endurgreiðslu vegna þjónustu svæfingalæknis þegar hann svæfir við aðgerð bæklunarlæknis, sbr. athugasemdir nr. 3 og 4 í fylgiskjali I. Hámarksgreiðsla sjúkratryggðs er þó samanlagt kr. 21.000 fyrir þjónustu beggja í sömu komu, sbr. þó meðfylgjandi gjaldskrá.

6. gr.

Sérfræðingur í bæklunarlækningum skal senda heimilislækni sjúklings upplýsingar um sjúkdómsgreiningu og veitta meðferð.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 41. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, gildir frá 1. apríl 2008 og tekur til þjónustu sem veitt er á tímabilinu 1. apríl 2008 til og með 31. maí 2008.

Heilbrigðisráðuneytinu, 1. apríl 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

Fylgiskjal I.

GJALDSKRÁ
fyrir greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu
sjálfstætt starfandi sérfræðinga í bæklunarlækningum sem eru án samnings.

Gildir frá 1. apríl 2008					ein. verð kr. 240	
			Tækjagj. (viðbót)			
Gj.nr.	Heiti læknisverks	Ein.	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.	Br. upph.
53-001-01	Viðtal og skoðun.	16,0			16,0	3.840 kr.
	Eftirfarandi almenn atriði eru innifalin í gjaldaliðnum: Taka sjúkrasögu, skoðun á sjúklingi og allt sem henni tilheyrir samkvæmt hefð læknisfræðinnar. Enn fremur undirbúningur og frágangur sjúkraskýrslu, útfylling eyðublaða, ritun læknabréfs, viðræður við lækna, félagsráðgjafa eða aðra um sjúkling, móttaka og mat á rannsóknarniðurstöðum, símtöl við sjúkling. Aðrar rannsóknir og aðgerðir, sem sérstaklega er innheimt fyrir eru ekki innifaldar. Gert er ráð fyrir að þetta gjaldskrárnúmer sé notað þegar um er að ræða endurkomu, þ.e. viðtal og skoðun eftir fyrsta viðtal og skoðun, svo og fyrstu komu vegna einfaldra algengra vandamála. Má nota með gjaldliðum 53-015-01, 53-015-02 og 53-15-03, þegar það á við.					
53-002-01	Álag vegna 1. skoðunar bæklunarlæknis vegna sjúkdóms eða slyss.	10,0			10,0	2.400 kr.
	Gert er ráð fyrir að þessi gjaldskrárliður sé notaður við fyrstu skoðun bæklunarlæknis á algengustu vandamálum í þessari sérgrein. Um sé að ræða vandamál sem takmarkist við afmarkað líkamssvæði, án sértækra rannsókna eða frekari gagnaöflunar. Viðtal og ítarleg sérfræðingsskoðun takmarkist við þetta líkamssvæði, án sértækra rannsókna eða frekari gagnaöflunar. Þessi gjaldskrárliður er einnig notaður fyrir endurkomu eftir aðgerð með stærri umbúðaskiptum og sárameðferð eða skoðun röntgenmynda vegna meðferðar. Má nota oftár við samfellda eftirmeðferð eftir aðgerðir og áverka. Gert er ráð fyrir að þessum gjaldskrárlið sé ekki beitt oftár en á 12 mánaða fresti, sem álag við fyrsta viðtal og skoðun, nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu. Þennan gjaldskrárlið má nota með 53-001-01 (og 53-015-01, 53-015-02 og 53-015-03, þegar það á við).					

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Ein.	Tækjagj. (viðbót)	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.	Br. upph.
53-002-02	Álag vegna sérlegs ítarlegs mats.	19,0				19,0	4.560 kr.
	<p>Álag vegna sérstaklega ítarlegs viðtals og skoðunar bæklunarlæknis. Miðað er við að sjúklingur sé í viðtali og skoðun hjá lækni a.m.k. 30 mín. Þessi gjaldskrárlíður er notaður þegar er um er að ræða flóknari tilfalli, sjúkdóma eða afleiðingar slysa á fleiri en einu líkamssvæði, sem krefst þá umfangsmikillar skoðunar bæklunarlæknis. Gert er ráð fyrir eigin skoðun bæklunarlæknis á myndgreiningarrannsóknnum eða öðrum sérhæfðum rannsóknnum, þegar við á. Ítarleg skoðun á stoðkerfi og taugaskoðun er innifalin í þessum gjaldskrárlíði. Sérstök ítarleg handarskoðun bæklunarlæknis sem er sérfræðingur í handarskurðlækningum fellur undir þennan lið svo og ítarleg stoðkerfisskoðun bæklunarlæknis á fótunum barna vegna afleiðinga sjúkdóma eða afleiðinga meðfæddra eða áunninna galla. Gert er ráð fyrir að þessum gjaldskrárlíði sé ekki beitt oftar en á 12 mánaða fresti, sem álag við viðtal og skoðun, nema um sé að ræða nýtt vandamál/nýja sjúkdómsgreiningu. Þennan gjaldskrárlíði má nota með 53-001-01 (og 53-015-01, 53-015-02 og 53-015-03, þegar það á við).</p>						

	1) ATH! Í gjaldliðum 53-003-02 - 53-008-19 er innifalið viðtal, 1. skoðun og álag þegar það á við.						
53-003-02	Liðhlaup sett (fingur/tá/olnbogi/öxl/hnéskel)	32,0				32,0	7.680 kr.
53-003-03	Losun á stórum liði í svæfingu	32,0				32,0	7.680 kr.
53-003-04	Sett gifs eða plastgifs	32,0				32,0	7.680 kr.
53-003-05	Tekið osteosyntesmaterial (minni háttar)	32,0				32,0	7.680 kr.
53-004-01	Aðgerð v. tendov. stenosans	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-03	Bunionectomi við litla liði (hönd, fót)	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-04	Dregið í stóran lið	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-05	Fasciotomia á útlím	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-07	Flexor tenotomiur	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-08	Meitlun á exostosum (litlum)	60,0				60,0	14.400 kr.

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Ein.	Tækjagj. (viðbót)	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.	Br. upph.
53-004-09	Miðhlutun smábeina/smáliða (t.d. hamartá)	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-11	Synovial biopsía	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-12	Tekið ganglion	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-13	Tekin bursa (b. olecrani)	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-14	Transfixation á litlum lið (fingur, tå)	60,0				60,0	14.400 kr.
53-004-15	Staðbundin beintaka/beinflutningur frá aðgerðarsvæði (t.d. bein tekið úr geislbeini eða fæti aðlægt aðgerðarsvæði)	60,0				60,0	14.400 kr.
53-005-01	Aðgerð v. hallux valgus - debasering á stórutá	80,0				80,0	19.200 kr.
53-005-03	Brot sett án skurðar og gífsað	80,0				80,0	19.200 kr.
53-005-04	Tekið osteosyntesmaterial (miðlungs)	80,0				80,0	19.200 kr.
53-005-05	Tekið sesam bein	80,0				80,0	19.200 kr.
53-005-06	Tenotomiur (t.d. Homan)	80,0				80,0	19.200 kr.
53-005-07	Þrautarrétting á krummafæti	80,0				80,0	19.200 kr.
53-005-08	Liðspeglun (til rannsóknar á lið), hné	80,0	53-0TG-09	50,0	130,0	130,0	31.200 kr.
53-005-09	Liðspeglun (til rannsóknar á lið), olnbogi	80,0	53-0TG-10	50,0	130,0	130,0	31.200 kr.
53-005-10	Liðspeglun (til rannsóknar á lið), úlnliður	80,0	53-0TG-11	50,0	130,0	130,0	31.200 kr.
53-006-01	Aðgerð v. brota á handarbeinum	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-02	Aðgerð v. pseudoarthrosis á os Navicularis	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-03	Artrotomia	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-04	Caput radii/ulna resectio	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-05	Epiphyseodesis prox. eða dist (hné, ökkli)	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-06	Innri festing á minni háttar broti	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-07	Lat. release	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-08	Losun á hælslasliðri	100,0				100,0	24.000 kr.

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Ein.	Tækjagi. (viðbót)	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.	Br. upph.
53-006-09	Lófafell tekið (litið/miðlungsstórt)	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-10	Meðferð á meðfæddri dysplasiu í mjöðm, gífsað	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-11	Meitlun á exostosum á leggbeinum	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-12	Osteot. v. pes transversop. (Helal)	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-13	Resectio á clavicula lat.	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-14	Réttisinar saumaðar	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-15	Stendler stripping	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-17	Tekið osteosyntesumat. (meiri háttar)	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-18	Tekið rófubein	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-19	Tekið stórt, fasciubundið æxli	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-20	Tekinn metatarsalhaus	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-21	Tumor tekinn djúpt í holdi (extrafacialt)	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-22	Fjarlæg beintaka/beinflutningur frá sérstökum fjarlægum beintökustað	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-23	Op. V. Mb. Morton, frílagning á taug	100,0				100,0	24.000 kr.
53-006-24	Innri festing eftir beinhlutun (ostetomiu)	100,0				100,0	24.000 kr.
53-007-02	Aðgerð v. pseudoarthrosis (meiri háttar)	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-03	Artrodesa og artroplastic á litlum lið	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-04	Liðspeglun á öxl (til rannsóknar á lið)	120,0	53-0TG-02	50,0		170,0	40.800 kr.
53-007-05	Beygjusinar saumaðar	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-06	Borun í lið (Pride)	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-07	Kjarnaborun (t.d. mjöðm, patella) / beinabiopsia	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-09	Mein tekið úr beini	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-10	Mein tekið úr vöðva, sin, fasciu eða bursu	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-11	Plastiskar aðgerðir á vöðva, sin eða fasciu	120,0				120,0	28.800 kr.

Gj.nr.	Heiti læknisverks	Ein.	Tækjagj. (viðbót)	Gj.nr.	Ein.	Ein. samt.	Br. upph.
53-007-12	Reconstr. á ligamentum	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-13	Resectio lig. coracoacromiale	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-14	Sina-transpl. (hvor áfangi í 2ja áfanga op)	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-15	Sinafærsla	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-16	Sinalengingar, ein eða fleiri	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-17	Synovectomia	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-18	Tekin Baker cysta	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-19	Tuberositasflutningur	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-20	Tumor tekinn djúpt í holdi (innan fasciu)	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-21	Fingur eða tær teknar	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-22	Beinhlutun á fjærhluta 1. ristarleggjar (distal metatarsal osteotomia)	120,0				120,0	28.800 kr.
53-007-23	Liðspeglun á ökkla (til rannsóknar á lið)	120,0	53-0TG-12	50,0	170,0	40.800 kr.	
53-007-30	Taug losuð eða flutt	130,0				130,0	31.200 kr.
53-008-01	Aðgerð á liðbrjóski, liðb., liðpoka (Hné...)	160,0	53-0TG-03	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-02	Liðspeglun - saumaður liðþófi	160,0	53-0TG-04	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-05	Decompression á öxl, artroscopisk	160,0	53-0TG-07	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-06	Decompression á öxl, opin	160,0			160,0	38.400 kr.	
53-008-07	Saumaður rotator cuff	160,0			160,0	38.400 kr.	
53-008-08	Beinhlutun á skaft- eða nærhluta 1. ristarleggjar (diaphyser eða proximal metatarsal ostetomia)	160,0			160,0	38.400 kr.	
53-008-09	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, öxl	160,0	53-0TG-13	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-10	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, ökkli	160,0	53-0TG-14	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-11	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, olnbogi	160,0	53-0TG-15	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-12	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, úlnliður	160,0	53-0TG-16	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-13	Liðspeglun ásamt aðgerð með shaver, hné	160,0	53-0TG-17	50,0	210,0	50.400 kr.	

Gj.nr.	Heiti lækisverks	Ein.	Tækjagj. (viðbót)	Gj.nr.	Ein.	Ein. samnt.	Br. upph.
53-008-14	Liðspeglun / liðmús, öxl	160,0	53-0TG-18	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-15	Liðspeglun / liðmús, ökkli	160,0	53-0TG-19	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-16	Liðspeglun / liðmús, olnbogi	160,0	53-0TG-20	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-17	Liðspeglun / liðmús, úlnliður	160,0	53-0TG-21	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-18	Liðspeglun með meniskect/lat.real/plicect/liðmús, hné	160,0	53-0TG-22	50,0	210,0	50.400 kr.	
53-008-19	Lófafell tekið (meiri háttar, reop)	160,0			160,0	38.400 kr.	
	2) ATH! Með gjaldliðum 53-015-01 - 53-015-03 er heimilt að taka viðtal og álag þegar það á við.						
53-015-01	Inndæling í sinafestur, eina eða fleiri	8,0			8,0	1.920 kr.	
53-015-02	Liðstunga í aðra liði en mjaðmarlið	10,0			10,0	2.400 kr.	
53-015-03	Liðstunga í mjaðmarlið	15,0			15,0	3.600 kr.	
	3) ATH! Ef tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir, þ.m.t. deyfingar, eru gerðar í sömu lotu, kemur fullt gjald fyrir fyrstu aðgerðina, þá sem hærra / hæst er metin, en hálf fyrir hinar. Sé sama aðgerð gerð á báðum útlimum er þó greitt 75% fyrir síðari aðgerðina.						
	4) ATH! Fyrir svæfingar kemur sami einingafjöldi og fyrir þá aðgerð eða rannsókn sem svæft er vegna. Þetta gildir þó ekki um sérstakan tækjakost aðgerðarlækis. Sé um að ræða gjaldskrárliði fyrir aðgerðir eða rannsóknir sem innifela viðtal aðgerðarlækis dragast þó tvær einingar frá hjá svæfingarlækni auk eininga vegna sérstaks tækjakosts aðgerðarlækis.						